

Dags. 08.01.2016.

Bréf til bæjarstjórnar Garðabæjar.

Gunnar Pétur Árnason kt. 101169-5379 og Ragnhildur Thoroddsen kt. 291054-3159 eru í daga íbúar að Garðaflöt 14-16 sem er verslunarhúsnæði. Eignarhlutum þeirra í húsinu hefur verið breytt í íbúðir á vandaðan hátt (sjá meðfylgjandi myndir). Ástæða þess að eigendur kjósa að búa í verslunarhúsnæði eru að það hentar mun betur fyrir ákveðnar sérþarfir eigenda (hljóðfæraleik ofl.) í stað þess að búa í fjölbýli. Það er auðvitað ósk okkar að geta skráð lögheimili í viðkomandi húsnæði eins og heimilað hefur verið víða í iðnaðar og verslunarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Sé það ekki hægt förum við fram á að fá húsnæðið endurskráð sem húsnæði til búsetu og að fasteignagjöld miðist við það. Fordæmi fyrir slíku eru í mörgum bæjarfélögum og er þetta í raun sanngirnismál. Það hlýtur að vera afar óréttlátt að innheimta fasteignargjöld af viðkomandi húsnæði eins og þar sé stunduð atvinnustarfsemi þegar engin virðisaukandi starfsemi fer þar fram.


Ragnhildur sem búið hefur í sínum eignarhlut í 10 ár hefur aðeins einu sinni orðið vör við andstöðu náganna varðandi búsetu sína þar. Þeir húseigendur hafa flutt og nýjir eigendur þar eru jákvæðir. Í raun höfum við ekki orðið vör við að nágrannar okkar hafi neitt á móti búsetu okkar þarna og frekar fengið jákvætt viðmót. Að lokum viljum við óska eftir að geta fengið sorptunnur frá bænum eins og aðrir íbúar.

Með von um skjót og jákvæð viðbrögð.

Virðingarfyllt,



Gunnar Pétur Árnason.



Ragnhildur Thoroddsen.